

Fundargerð 35. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 22. maí 2017 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Fjárframlög til sóknaráætlana landshluta árið 2017
2. Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016
3. Samningsbundnir fundir stýrihóps og landshlutasamtaka haustið 2017
4. Önnur mál
 - a. Fjárlagafrumvarp – aðkoma Byggðastofnunar
 - b. Mótun nýrrar byggðáætlunar
 - c. Næsti fundur

Mættir: Hanna Dóra Hólm Másdóttir formaður (SSR), Helga Haraldsdóttir (ANR), Karl Björnsson (sambandinu), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR, kom kl. 14.30), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (SSR), Þór G. Þórarinsson (VEL), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR), Páll Brynjarsson (landshlutasamtökunum) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN), Benedikt Árnason (FOR) og Björn Helgi Barkarson (UAR).

Fundargerð 34. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fjárframlög til sóknaráætlana landshluta árið 2017

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að hækka fjármag til sóknaráætlanasamninga um 100 m.kr. Grunnframlög ársins 2017 hækka þannig úr 630,7 m.kr. í 730,7 m.kr., sem er 15,9% hækkun. Við skiptingu niður á samninga er sama reiknilíkan notað og samþykkt var við gerð samninganna.

Landshlutasamtökum sveitarfélaga voru upplýst um þetta með tölvupósti frá formanni þann 21. apríl sl. Þann 3. maí óskað formaður eftir því að landshlutasamtökin upplýstu stýrihópurinn fyrir 1. júní nk. um það hvernig þau hyggist ráðstafa aukningunni. Verði fjármagnið nýtt til áhersluverkefna þarf stýrihópurinn að staðfesta þau verkefni. Fram kom í pósti til landshlutasamtakanna að þar sem ákvörðun um aukningu við fjármagn sóknaráætlanasamninga árið 2017 var tekin eftir að úthlutað var úr uppbyggingasjóðum margra landshluta verður ekki gerð krafa um samningsbundna hlutfallslega skiptingu fjármagnsins á milli áhersluverkefna og uppbyggingarsjóðs.

Stýrihópurinn fagnar hækkun á framlagi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, en ekki var um aukningu að ræða á framlagi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Skiptingu fjármagns er að finna í töflunni hér að neðan.

Heiti	Framlög 2017	-	Hækkun framlags milli ára
Úttektir og samráð	4.000.000	4.000.000	
		hækkun pr. Landshluta	
Vesturland	81.715.806	- 11.244.779	15,96%
Vestfirðir	107.666.571	- 14.815.821	15,96%
Norðurland vestra	81.707.766	- 11.243.672	15,96%
Norðurland eystra	125.860.056	- 17.319.397	15,96%
Austurland	94.440.303	- 12.995.776	15,96%
Suðurland	119.537.010	- 16.449.293	15,96%
Suðurnes	90.238.384	- 12.417.557	15,96%
Höfuðborgarsvæði	25.534.106	- 3.513.707	15,96%
Alls samtals	730.700.000	- 96.000.000	

2. Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016

Upplýsingar frá landshlutasamtökum sveitarfélaga um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna lágu fyrir í lok apríl. Formaður og verkefnisstjóri vinna nú að samantekt og ritun greinargerðarinnar. Áætlað er að hún liggja fyrir í lokadrögum á næsta fundi stýrihópsins þann 13. júní.

Greint var frá helstu tölulegu upplýsingum úr greinargerðum landshlutasamtakanna og hvernig þær eru samanborið við árið á undan. Rætt var um ýmislegt í tengslum við framfylgd sóknaráætlana. Meðal annars var rætt um fyrirkomulag á stofn- og rekstrarstyrkjum og hvernig eftirliti væri háttáð með viðaukasamningum. Þá komu fram áhyggjur af aldursdreifingu fulltrúa samráðsvettvanga og hversu fátt ungt fólk á þar sæti.

Ákveðið að stýrihópurinn óski eftir fundi með ráðherrum samgöngu- og sveitarstjórnarmála og mennta- og menningarmála þegar greinargerðin verður tilbúin. Mikilvægt er að upplýsa nýja ráðherra og ríkisstjórn um sóknaráætlanir landshluta, hugmyndafræði þeirra og framtíðarsýn.

3. Samningsbundnir fundir stýrihóps og landshlutasamtaka haustið 2017

Á fyrsta starfsári gildandi sóknaráætlunarsamninga sóttu fulltrúar stýrihópsins hvern landshluta heim til að ræða framkvæmd samninganna. Árið 2016 komu fulltrúar landhlutanna á fund stýrihópsins í Reykjavík. Haustið 2017 verður aftur komið að því að stýrihópurinn fari í hvern landshluta til að funda um samningana. Verkefnisstjóra falið að kalla eftir tillögum landshlutanna að fundarstað og –tíma. Stefnt er að því að öllum fundum verði lokið fyrir lok október. Fulltrúar stýrihópsins voru hvattir til að mæta á fundina og þegar fundaráætlun liggur fyrir verður óskað eftir staðfestingu fulltrúa inn á hvaða fundi þeir komast. Rætt var um mikilvægi þess að MMR ætti fulltrúa á öllum fundunum.

4. Önnur mál.

a. Fjárlagafrumvarp – aðkoma Byggðastofnunar

Fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins vakti athygli á að í nýjum lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 er Byggðastofnun falið hlutverk. Í 14. grein laganna er eftirfarandi ákvæði: „Innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarps til fjárlaga skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um

áhrif frumvarpsins á byggðapróun í landinu.“ Nánari skýringar er að finna í álitni meirihluta fjárlaganefndar en þar segir: „Í þessu felst m.a. að í umsögn Byggðastofnunar skuli fjallað um hvernig stefna hvers ráðherra skv. 20. gr. frumvarpsins, fyrir þau málaefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á, samræmist byggðaaætlun og sóknaráætlunum landshluta sem fram koma í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaaætlun.“

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið áforma að færa rök fyrir því að þetta ákvæði laganna verði fellt niður. 14. gr. laganna tekur ekki mið af lögum nr. 69/2015 og því fyrirkomulagi sem haft er við samþættingu málaflokka byggðamála milli ráðuneyta og stofnana. Staða málsins verður kynnt og rædd á næsta fundi stýrihópsins 13. júní nk.

b. Mótun nýrrar byggðaaætlunar

Spurt var hvað liði vinnu við mótun nýrrar byggðaaætlunar. Formaður greindi frá því að áætlaðir eru fundir í þessari viku og þeirri næstu og í kjölfarið ætti að liggja fyrir með framhald vinnunnar.

c. Næsti fundur

Næsti fundur stýrihópsins var áður ákveðinn þriðjudaginn 13. júní, kl. 14.00-16.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.40.